



Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð, leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.
Pétur Þórarinnsson



MOLDUN

Almennur söngur

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifí' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

Hallgrímur Pétursson

BLESSUN

ÚTGÖNGULAG

Ísland er land þitt

Magnús Þór Sigmundsson – Margrét Jónsdóttir

Prestur: Sr. Þráinn Haraldsson

Organisti: Sveinn Arnar Sæmundsson

Einsöngur: Hanna Þóra Guðbrandsdóttir

Kammerkór Akraneskirkyju

Útfararþjónusta Akraneskirkyju

Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug



Valgerður Gísladóttir

Fædd 17. nóvember 1944

Dáin 19. febrúar 2021



*Útför frá Akraneskirkyju
fimmtudaginn 4. mars 2021*

Tónlist fyrir athöfn

FORSPIL

BÆN

Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,
sproti þinn og stafur hugga mig.
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum;
þú smyr höfuð mitt með olú;
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert bresta.

Margrét Scheving - 23. Davíðssálmur

RITNINGARORÐ

Snert hörpu mína, himinborna dís,
svo hlusti englar guðs í Paradís.
Við götu mína fann ég fjalarstúf
og festi á hann streng og rauðan skúf.

Úr furutré, sem fann ég út við sjó,
ég fugla skar og líka úr smiðjumó.
Í huganum til himins oft ég svíf
og hlýt að geta sungið í þá líf.

Þeir geta sumir synt á læk og tjörn,
og sumir verða alltaf lítil börn.
En sólin gyllir sund og bláan fjörð
og sameinar með töfrum loft og jörð.

Ég heyri í fjarska villtan vængjaþyt.
Um varpann leikur draumsins perluglit.
Snert hörpu mína, himinborna dís,
og hlustið, englar guðs í Paradís.

Atli Heimir Sveinsson - Davíð Stefánsson



RITNINGARORÐ

EINSÖNGUR

Rósin

Friðrik Jónsson – Guðmundur Halldórsson

GUÐSPJALL

Megi gæfan þig geyma,
megi Guð þér færa sigurlag.
Megi sól lýsa þína leið,
megi ljós þitt skína sérhvern dag.
Og bænar bið ég þér
að ávallt geymi
þig Guð í hendi sér.

Megi englar þér unna,
megi árur bægja hættu frá.
Megi ást alltumlykja þig
megi ávallt rætast hver þín þrá.
Og bænar enn ég bið
að ávallt geymi
þig Guð sér við hlið.

*Írskt lag -
Bjarni Stefán Konráðsson*

MINNINGARORÐ



EINSÖNGUR

Heyr mína bæn

Niza - Ólafur Gaukur

BÆN / FAÐIR VOR

